

Leiðbeinandi reglur biskups Íslands fyrir gerð þarfagreininga vegna ráðninga í prestsstörf

Biskup Íslands ræður í störf sóknarpresta, presta, héraðspresta og sérþjónustupresta Þjóðkirkjunnar, sbr. 1. gr. starfsreglna um ráðningu í prestsstörf nr. 4/2021.

Í ákvæði 2. gr. starfsreglnanna kemur fram að þar sem sóknir eru fleiri en ein geti fulltrúar hvernar sóknar tekið þátt í gerð þarfagreiningar. Biskup Íslands setji vinnureglur um útfærslu á því fyrirkomulagi þar sem sóknir eru fleiri en ein.

1. gr.

Biskup kallar eftir að sóknarnefnd/sóknarnefndir vinni ítarlega þarfagreiningu prestakalls og/eða héraðsnefndir vegna starfs héraðsprest. Um leið sendir biskup viðkomandi sóknarnefnd/sóknarnefndum starfsreglur þessar (leiðbeiningar) varðandi gerð þarfagreiningar ásamt matsblaði yfir helstu þjónustupætti kirkjunnar sem sóknarnefndir vinna eftir.

2. gr.

Prófastur stýrir vinnu við gerð þarfagreiningar og ber ábyrgð á að afhenda biskupi þarfagreiningu þegar hún hefur verið borin undir sóknarnefndir og tekin hefur verið afstaða til athugasemda. Innan tveggja vikna frá upphafi þarfagreiningar skal prófastur senda biskupi endanlegt eintak sem biskup mun birta með auglýsingu í viðkomandi preststarf.

3. gr.

Tilgangur þarfagreiningar er að sóknir skilgreini þá prestsþjónustu sem þær óska eftir í prestakallinu.

4. gr.

Þegar um ræðir starf sóknarprests eða prests skal þarfagreining innihalda stutta lýsingu á prestakallinu, sóknum þess og starfsaðstöðu. Í þarfagreiningu skal fjallað um eftirfarandi þætti:

- a. Hvaða prófastsdæmi og prestakall
- b. Mörk prestakallsins og umfang þjónustunnar¹

¹ Með umfangi þjónustu er vísað til fjölda athafna, messuhalds o.fl.

- e. Hvernig samsetning er á svæðinu (bær, þéttbýli, dreifbýli, sveit)
- d. Íbúafjöldi (fjöldi undir 16 ára, fjöldi yfir 16 ára, fjöldi í þjóðkirkjunni)
- e. Fjöldi sókna sem heyra undir prestakallið
- f. Fjöldi kirkna í prestakallinu
- g. Aðrir staðir þar sem prestur starfar, s.s. fjölsóttir staðir, stofnanir, skólar, dvalaheimili o.fl.
- h. Fyrirhugað samstarf, fjöldi samstarfsmanna og hlutverk t.d. organistar, kórar, kirkjuverðir, annað samstarfsfólk
- i. Sérstök hæfni prests og/eða þekking.²

5. gr.

Þegar um ræðir starf héraðspresta eða sérþjónustupresta skal þarfagreining innihalda lýsingu á umfangi prestsþjónustunnar, starfsaðstöðu o.fl. er varðar hið kirkjulega starf.

- a. Fjöldi athafna að meðaltali á ári
- b. Messustaðir, bæði hefðbundnir og óhefðbundnir
- c. Starfssvæði, helstu samstarfsaðilar auk annarrar þjónustu sem þarf að sinna³
- d. Fyrirhugað samstarf, fjöldi samstarfsmanna og hlutverk t.d. organistar, kórar, annað samstarfsfólk
- e. Næsti yfirmaður/prófastur
- f. Frekari lýsing á starfsaðstöðu, s.s. aðstaða fyrir sálgæslu.
- g. Sérstök hæfni prests og/eða þekking.⁴

6. gr.

Í þarfagreiningu skal þjónustubörf prestakallsins skilgreind með ítarlegum hætti. Gera skal grein fyrir áherslum og framtíðarsýn viðkomandi safnaðar/safnaða.

Við vinnu þarfagreiningar skal gefa eftirtöldum þáttum vægi og númera í forgangsörð frá 1-10: Barna og æskulýðsstarf, Fjölmennning, Fræðsla, Helgihald, Kærleiksþjónusta, Leiðtogahlutverk, Predikun, Tengsl, Öldrunarþjónusta.

² Hér er átt við t.a.m. reynslu og/eða þekkingu á stjórnun, söng, og tónlist, barnastarfi, eldri borgarastarfi, sálgæslu, guðfræðilegri miðlun og kennslu. Einnig er rétt að greina ef óskað er eftir sérstakri persónulegri hæfni prests, s.s. samstarfshæfni, drifkrafti, lausnarmiðaðri hugsun, jákvæðni, sveigjanleika o.s.frv.

³ Sem dæmi ef viðkomandi þarf að sinna símaavakt, afleysingum í veikindum eða sumarleyfum.

⁴ Hér er átt við t.a.m. reynslu og/eða þekkingu á stjórnun, söng, og tónlist, barnastarfi, eldri borgarastarfi, sálgæslu, guðfræðilegri miðlun og kennslu. Einnig er rétt að greina ef óskað er eftir sérstakri persónulegri hæfni prests, s.s. samstarfshæfni, drifkrafti, lausnarmiðaðri hugsun, jákvæðni, sveigjanleika o.s.frv.

7.gr.

Samþykktri þarfagreiningu þarf að skila til biskups eigi síðar en viku áður en fyrirhugað er að auglýsa starfið. Biskup getur gert athugasemd við þarfagreiningu ef hún styður ekki við málefnaleg sjónarmið.